

326. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGINN 3. JÚNÍ 2021 KL 9:45

haldinn á Biskupsstofu, Katrínartúni 4, 105 Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Yfirferð á stöðu fjármála
 - b) Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2021
 - c) Fjárhagsáætlun 2022
 - d) Æðarvarp í Saurbæ
 - e) Staðastaður
 - f) Reykholt
 - g) Erindi Fiskistofu
 - h) Fjarskiptaaðstaða í Holti
- 3) Kirkjuþing
 - a) Yfirferð forseta kirkjuþings
 - b) 49. mál kirkjuþings
 - c) Stefnumótun í kærleiksþjónustu
- 4) Kirkjuþing unga fólksins
- 5) Stefnumótun hjá þjóðkirkjunni
- 6) Önnur mál
 - a) Aðilaskipti að ráðningarsamningi
 - b) Jarðnæði kirkjunnar og endurheimt votlendis
 - c) Saurbær á Hvalfjarðarströnd

1. FUNDARSETNING

Agnes M. Sigurðardóttur biskup Íslands setti fund kl. 9:45 með ritningarlestri og bæn. Þá sátu fundinn kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Brynja Dögg Guðmundsdóttir Briem, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson, skrifstofustjóri Biskupsstofu, Ásdís Clausen, staðgengill fjármálastjóra og séra Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Undir lið 2 a-c sátu jafnframt sr. Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings og Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjuþings, sem jafnframt sat fundinn undir liðum 3, 4, 5 og 6a.

Undir lið 2c tóku þátt í fundinum Bjarni Gíslason, frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Margrét Bóasdóttir, söngmálastjóri, Pétur Markan, samskiptastjóri, sr. Halldór Reynisson, verkefnastjóri umhverfismála, sr. Vigfús Bjarni Albertsson, forstöðumaður Fjölskyldu- og sálgæsluþjónustu kirkjunnar, Hermann Björn Erlingsson, verkefnastjóri upplýsingatæknimála og Arnór Skúlason, verkefnastjóri fasteignasviðs.

Berglind Hönnudóttir, forseti kirkjuþings unga fólksins og fulltrúi KUF á kirkjuþingi, sat fundinn undir lið 4. Þá sat dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson fundinn undir lið 5.

Framkvæmdastjóri og biskup reifuðu stöðu helstu mála sem eru í vinnslu.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Yfirferð á stöðu fjármála

Staðgengill fjármálastjóra ræddi um fjármál Þjóðkirkjunnar – Biskupsstofu, verkefnastöðu ýmissa mála á fjármálasviði og svaraði fyrirspurnum.

b) Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2021

Staðgengill fjármálastjóra upplýsti um verklag við endurskoðun fjárhagsáætlunar 2021.

c) Fjárhagsáætlun 2022

Staðgengill fjármálastjóra kynnti fyrstu drög að fjárhagsáætlun 2022. Fulltrúar sviða og stofnana reifuðu fyrirhugað starf á árinu 2022 og fjárþarfir.

Umræðunni verður haldið áfram á næsta fundi kirkjuráðs.

d) Æðarvarp í Saurbæ

Kynnt voru drög að samningi um nýtingu æðarvarps í Saurbæ. Kirkjuráð samþykkti á 292. fundi sínum að ganga til samninga um æðarvarpið þegar hlunnindaskrá fyrir Saurbæ lægi fyrir.

Kirkjuráð samþykkti fyrirbyggjandi samningsdrög.

e) Staðarstaður

Kynnt voru drög að endurnýjuðum samningi vegna túna á Staðarstað.

Kirkjuráð samþykkti fyrirbyggjandi samningsdrög.

f) Reykholt

Kirkjuráð ræddi málefni Reykholtsstaðar.

Kirkjuráð samþykkti að fela nýjum sóknarpresti Reykholtsprestakalls í samráði við formann sóknarnefndar og forstöðumanns Snorrastofu að koma með tillögu að framtíðarskipan mála á Reykholtsstað og kynna fyrir kirkjuráði.

Framkvæmdastjóri kirkjuráðs og annað starfsfólk fasteignasviðs munu vera þessum starfshópi innan handar.

g) Erindi Fiskistofu

Lagt fram erindi Fiskistofu, dags. 18. maí 2021, varðandi hugsanlegt bann við netaveiði göngusilungs í sjó í Faxaflóa.

Kirkjuráð leggst gegn hugsanlegu banni Fiskistofu.

h) Fjarskiptaaðstaða í Holti

Kynnt voru drög að samningi við Neyðarlínuna vegna fjarskiptamasturs sem færa þarf til innan jarðarinnar Holt í Önundarfirði.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka samningagerð vegna mastursins.

3. KIRKJUÞING

a) Yfirferð forseta kirkjuþings

Forseti kirkjuþings fór yfir væntanlegt aukakirkjuþing sem fyrirhugað er að halda mánudaginn 21. júní kl. 13:00-17:00, reglulegt kirkjuþing sem kemur síðan saman í haust og fyrirbyggjandi mál.

b) 49. mál kirkjuþings

Á kirkjuþingi 2020-2021 í mars var samþykkt þingsályktun um innra eftirlit og áhættugreiningu, en málið felur í sér að kirkjuráði er falið að koma á innra eftirliti og áhættugreiningu varðandi fjárfestingar, í samræmi við drög að heildstæðri eignastefnu sem kynnt var á kirkjuþingi 12. mars 2021.

Kirkjuráð samþykkti að fela Svönu Helen Björnsdóttur, verkfræðingi, að taka að sér innleiðingarvinnu á innra eftirliti og áhættugreiningu varðandi fjárfestingar.

c) Stefnumótun í kærleikspjónustu

Lagðar voru fram tillögur nefndar um stefnumótun fyrir kærleikspjónustu þjóðkirkjunnar sem skipuð var af kirkjuráði í kjölfar samþykktar kirkjuþings 2018, 11., máls.

Kirkjuráð þakkar nefndinni fyrir vel unnin störf.

Kirkjuráð samþykkti að vísa skjalinu til stýrihóps um stefnumótun sem nú vinnur að stefnumótun fyrir þjóðkirkjuna.

4. KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Forseti kirkjuþings unga fólksins fór yfir nýsamþykkt mál frá kirkjuþingi unga fólksins sem fram fór 14.-16. maí sl. Fyrir þinginu lágu sex mál.

1. mál. *Þingsályktun um breytingu á persónuverndarstefnu Þjóðkirkjunnar.*

Kirkjuþing unga fólksins samþykkti að öll myndbirting af börnum yrði með öllu óheimil. Þingsályktunin gengur út á að kirkjan skuli ekki birta myndir af börnum á vef- og prentmiðlum kirkjunnar. Jafnframt ættu prestar og starfsfólk kirkjunnar ekki að setja myndir af börnum í safnaðarstarfi á sínar persónulegu síður.

2. mál. *Þingsályktun um myndheim til notkunar í kynningarefni og auglýsingum.*

Þingsályktunin felur í sér að Þjóðkirkjan – Biskupsstofa komi upp alhliða myndheimi sem sé aðgengilegur söfnuðum í gegnum efnisveituna til notkunar í öllu auglýsingar- og kynningarefni. Slíkur myndheimur myndi koma í staðinn fyrir myndbirtingar af börnum úr safnaðastarfi.

3. mál. *Tillaga að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins.*

Tillagan gengur út á að breytingar verði gerðar á 4. gr. starfsreglna um kirkjuþing unga fólksins, nr. 952/2009. Lagt er til að ekki verði áskilið að kirkjuþing unga fólksins skuli halda að vori heldur að það skuli haldið árlega á tímabilinu ágúst fram í maí.

4. mál. *Þingsályktun um Æskulýðsmiðstöð Þjóðkirkjunnar í Grensáskirkju.*

Samþykkt var að skorað yrði á biskupsembættið að gera samning við Fossvogsprestakall um að opna æskulýðsmiðstöð í Grensáskirkju. Ráð eða stjórn æskulýðsmiðstöðvar skuli innihalda minnst einn fulltrúa sem sé starfandi á vettvangi æskulýðsstarfs kirkjunnar eða eitt ungmenni sem sé skráð í kirkjuna.

5. mál. *Þingsályktun um að skora á söfnuði Þjóðkirkjunnar að auka sumarstarf.*

Þingsályktunin felur í sér hvatt er til þess að safnaðarstarf verði heilsárs starf til að viðhalda betur þeim árangri og þátttöku sem náðst hefur yfir veturinn. Með þessu megi mæta eftirspurn eftir sumarnámskeiðum og félagsstarfi fyrir börn á sumrin, sem sífellt eykst og koma í veg fyrir að foreldrar sem taka fæðingarorlof yfir sumarmánuðina fari á mis við foreldramorgna í kirkjunni.

6. mál. *Þingsályktun um breytingu á starfsreglum um sóknarnefndir.*

Tillagan felur í sér að breytingar verði gerðar á 3. gr. starfsreglna um sóknarnefndir, nr. 1111/2011 svo við bætist í lok greinarinnar að kjósa skuli fulltrúa fræðslu- og æskulýðsmála og varamann hans úr hópi sóknarnefndar til fjögurra ára.

Forseti kirkjuþings unga fólksins mun fylgja málunum eftir inn á kirkjuþing í haust.

5. STEFNUMÓTUN HJÁ ÞJÓÐKIRKJUNNI

Dr. Bjarni Snæbjörn Jónsson kynnti stöðu stefnumótunarvinnu fyrir þjóðkirkjuna og næstu skref í þeirri vinnu.

6. ÖNNUR MÁL

a) Aðilaskipti að ráðningarsamningi

Kirkjuráð samþykkti nýtt erindisbréf fyrir framkvæmdastjórn Skálholts á 323. fundi sínum 4. mars sl. þar sem stjórninni er veitt aukin ábyrgð á málefnum staðarins. Á vormánuðum 2020 var ráðsmaður ráðinn til Skálholtsstaðar, sem jafnframt skyldi vera starfsmaður fasteignasviðs Biskupsstofu.

Kirkjuráð samþykkti aðilaskipti að ráðningarsamningi starfsmanns á fasteignasviði sem hafði starfsskyldur við Biskupsstofu og Skálholt, en hann mun framvegis eingöngu starfa fyrir Skálholtsstað.

b) Jarðnæði kirkjunnar og endurheimt votlendis

Séra Axel Árnason Njarðvík greindi frá skoðun umhverfishóps á jarðnæði sem hentar fyrir endurheimt votlendis á kirkjujörðum. Umhverfishópurinn óskar eftir leyfi kirkjuráðs til að koma að samningaviðræðum við samstarfsaðila um endurheimt votlendis.

Kirkjuráð samþykkti þá beiðni umhverfishópsins.

c) Saurbær á Hvalfjarðarströnd

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kalla eftir skýringum leigutaka á landi Saurbæjar, vegna framkvæmda og starfsemi á leigulandinu.

Fundi slitið kl. 16:35

Næsti reglulegi fundur kirkjuráðs verður haldinn fimmtudaginn 5. ágúst nk.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Stefán Magnússon

Svana Helen Björnsdóttir